

Íbúafundur Laugardals

Laugalækjarskóli
14. janúar 2013, kl. 17.00

Ágætu íbúar Laugardals og aðrir gestir.

Ég vil byrja á því að bjóða ykkur hjartanlega velkomin á þennan íbúafund Laugardals í Laugalækjarskóla.

Á þessum fundi leggjum við áherslu á hverfapottana svokölluðu – en svo kallast skipting fjármagns milli hverfa borgarinnar sem kosið er um í rafrænum íbúakosningum.

Í fyrra var í fyrsta skipti farið í bindandi kosningu um hverfapottana og kosið um hugmyndir að smærri nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum fyrir alls 300 milljónir undir yfirskriftinni **Betri hverfi**.

Í ár verður leikurinn endurtekinn og aftur veitt 300 milljónum í hverfapottana.

Á eftir ætla ég að renna yfir stöðu verkefnanna sem þið völduð í kosningunni í fyrra en fyrst langar mig til að fara almennt yfir helstu málefni hverfisins – bæði það sem vel er gert og líka það sem betur mætti fara.

Laugardalurinn er einstaklega gróðursælt og fallett hverfi – og í mínum huga felur náttúran og gróðursældin í sér ómetanleg lífsgæði.

Hér eru frábærar gönguleiðir í einu fegursta umhverfi borgarbúa –

Grasagarðinum – og undanfarið höfum við lagt heilmikla vinnu í að laga og endurbæta stíga í dalnum.

Við erum nýbúin að leggja heilsustíg í hverfið og í haust var lokið við nýjan brettagarð – við frábærar undirtektir ungra ofurhuga.

Samkvæmt talnaspekingum hjá borginni mælast göngu- og hjóltreiddastígar í hverfinu nú 30,5 km og þá erum við auðvitað ekki að telja með gangstéttar meðfram götum. Í hverfinu eru svo 115 bekkir og 116 ruslastampar.

Þið njótið góðs af glæsilegum íþróttamannvirkjum – eins og Laugardalslauginni og Skautahöllinni – en í Laugardalslaug hafa staðið yfir miklar framkvæmdir.

Þar er búið að útbúa nýjan sjópott, endurbæta rennibrautina, setja ný leiktæki og mjúkt efni á bakkana. Nú er komið að því að endurnýja búningsaðstöðu.

Safn Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga er ein af perlum hverfisins og ekki má gleyma Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þar er frábært leikja- og útivistarsvæði fyrir alla fjölskylduna og núna stendur til að bæta þar við leiktækjum og gera það enn betra.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis – sem staðsett er í Síðumúla 39 – sinnir þjónustu fyrir þetta hverfi.

Hún er stærsta þjónustumiðstöð borgarinnar en hér í Laugardalnum búa tæplega sextán þúsund manns.

Hér er óvenju hátt hlutfall eldri borgara, 67 ára og eldri – eða um 16% íbúa – miðað við rúmlega 11% meðaltal í borginni allri.

Þjónusta við aldraða er þar af leiðandi meiri hér en í öðrum hverfum borgarinnar.

Í Laugardal eru þrjár félagsmiðstöðvar fyrir fullorðna – tvær við Dalbraut og ein við Norðurbrún. Í hverfinu eru einnig búsetukjarnar fyrir fatlað fólk, blokk Öryrkjabandalagsins í Hátúni, og ýmis önnur þjónusta fyrir fatlaða.

Á þessu ári fær Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík stuðning frá borginni við að koma upp bogfimi-aðstöðu og áhaldageymslu við Hátún.

Hjá þjónustumiðstöðinni er búið að sameina félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun og kvöld- og helgarþjónustu undir einn hatt. Það er til einföldunar fyrir þá sem nýta sér þessa þjónustu.

Þjónustumiðstöðin er í samstarfi við leik- og grunnskólana, auk þess sem samvinna við framhaldsskólana í borginni almennt fer vaxandi.

Skóla- og frístundastarf í hverfinu er mjög metnaðarfullt og hér er unnið að mörgum áhugaverðum þróunar- og rannsóknarverkefnum.

Skólanir leggja áherslu á skapandi starf og umhverfismennt og eru meðal annars virkir í rannsóknum á menntun og þroska ungra barna.

Borgin rekur sex leikskóla í þessu hverfi þar sem dveljast hátt í 800 börn – þar af eru þrír sameinaðir leikskólar; Sunnuás, Langholt og Laugasól.

Leikskólastarf í Laugardal er rótgróið og vel skipulagt. Flestir skólar eru á grænni grein og flagga Grænfánanum, svo sem Steinhlíð þar sem löng hefð er fyrir margs konar ræktun og útistarfi.

Nýlega var bætt við húsnæði – eða færanlegum stofum – við leikskólana; Laugasól, Langholt og Hof.

Í þessum þremur leikskólum er unnið að þróunar- og rannsóknarverkefni í samstarfi við HÍ um þroska og menntun yngstu borgarbúanna.

Biðlistar hafa stundum verið eftir dagforeldrum og leikskólaplássu í hverfinu en í dag er staðan nokkuð góð.

Í Laugardal eru fjórir grónir grunnskólar með miklar hefðir og sterkan sess í grenndarsamfélaginu.

Í starfi þeirra spila umhverfismennt, lýðræðisleg vinnubrögð, skapandi starf, upplýsingatækni og fjölmennningarlegir kennsluhættir stórt hlutverk.

Það er líka gaman að segja frá því að tekist hefur að efla lestur á unglingastigi með aukinni notkun rafbóka í Vogaskóla og í Laugalækjarskóla er eitt framsæknasta skólabókasafn borgarinnar með rafbókum og góðum tölvukosti.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri heldur utan um frístundastarfið og býður upp á fjölbreytt starf með börnum og unglingum.

Kringlumýri er einnig þekkingarmiðstöð um frítíma fatlaðra barna og unglinga og starfrækir frístundaklúbbinn Hof fyrir fötluð börn í gamla Safamýrarskólanum.

Í Laugardal eru þrjú frístundaheimili og þrjár félagsmiðstöðvar. Því miður hefur húsnæðisskortur í grunnskólunum háð nokkuð frístundastarfinu.

Við erum að vinna að því að leysa húsnæðisvandann og skoða ýmsar leiðir til úrbóta, svo sem færanlegar kennslustofur.

Í Vogaskóla verður komið fyrir frístundaaðstöðu og verður það útfært nánar í samvinnu við stjórnendur og foreldraráð skólans.

Áhugi fólks á umhverfisvernd er að aukast og meðal markmiða í borginni er að efla enn frekar umhverfisvitund.

Fólk er hvatt til endurvinnslu og í hverfinu eru 9 endurvinnslugámar.

Þessa dagana erum við að innleiða bláu tunnuna – sem er fyrir pappír. Bláa tunnan nýtist einnig undir fernur,

umbúðapappír, prentpappír, sléttan pappa og karton. Það má semsagt setja það sama í bláar tunnur og bláa grenndargáma.

Af framkvæmdum í Laugardalnum á næstunni er það að segja að nú um mitt ár hefjast framkvæmdir við nýbyggingu við Menntaskólann við Sund. Áætluð verklok eru 2015.

Þá mun nýtt þjónustuhús fyrir tjaldsvæðið í Laugardal rísa og einnig er verið að skoða frekari hugmyndir um stækkun á þjónustumiðstöðinni.

Frá Hlemmi og inn að Elliðaárósum er verið að leggja hjóla- og gönguleið og er það mikil samgöngubót.

Yfir Elliðaárósa – á nyrsta odda Geirsnefs – koma svo göngu- og hjólabrýr sem tengja þetta hverfi við nágrannana í austri. Þessar brýr verða opnaðar í haust.

Í fyrra var haldinn fundur um aðalskipulagið í þessu hverfi og mig langar að segja ykkur frá helstu áherslum þess – hvað Laugardalinn varðar.

Í nýja aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að öll þjónusta verði innan seilingar í hverfunum sjálfum. Við erum að tala um að fá kaupmanninn aftur í hverfið og skósmiðinn á hornið ☺ (Reyndar er skósmiður á horninu í þessu hverfi...)

Stefnt er að því að fjölga byggingum með blandaðri byggð, svo sem í Skeifunni, við Köllunarklett og í Súðavogi, en að jafnframt verði staðinn vörður um grænu svæðin sem fyrir eru hér í hverfinu.

Ný brú yfir Elliðaárósa fyrir strætisvagn, gangandi og hjólandi er í aðalskipulagi, svo og uppbygging við norðanverða Suðurlandsbraut.

Gert er ráð fyrir að Suðurlandsbrautin verði byggð upp sem breiðgata, með lágreistum húsum norðan megin og að bílastæði sunnan brautarinnar verði endurskipulögð.

Þá er í aðalskipulagi gert ráð fyrir íbúðabyggð á Blómavalsreit og Sláturfélagsreit og að endurvinnslustöðin Hringrás muni víkja úr Sundahöfn.

Sundabraut er ekki á döfinni á næstu árum.

En þá ætla ég að víkja að máli málanna – hverfapottunum – eða verkefninu **Betri hverfi**.

Fyrirkomulagið var þannig að íbúar í öllum hverfum sendu fyrst inn hugmyndir á vefinn sem síðan var kosið um í opinni rafrænni kosningu.

Kosningin var einstök að því leyti að í fyrsta sinn á Íslandi auðkenndu kjósendur sig með persónulegum veflykli.

Kjörsóknin var 8,1% og kosningin fór fram dagana 29. mars – 3.apríl.

Kosningin var bindandi og voru kjósendur á aldrinum 31–60 ára langvirkastir.

Meðal þeirra verkefna sem þið – íbúar í Laugardal – völduð og komust til framkvæmda eru betri göngu- og hjólaleiðir ásamt bættri lýsingu á gangbrautum og stígum.

Óskir ykkar beindust þannig einkum að bættu umhverfi og útivistarmöguleikum og einnig voru mannlífstorg og hundagerði á óskalistanum ykkar.

Búið er að:

- setja upp fleiri og stærri ruslastampa við göngustíga.
- Bæta lýsingu við gangbrautir yfir Langholtsveg, Sundlaugarveg og Reykjaveg.
- Þá var lýsing á stíg norðvestan við Skautahöll einnig bætt með uppsetningu ljósastaura.
- Gangstétt við Austurbrún milli Norðurbrúnar og Dragavegar var endurnýjuð.
- Hundagerði var sett upp milli Suðurlandsbrautar og Engjavegar.

- Áningarstaðir í Laugardal voru bættir með bekkjum og borðum.
- Tenging frá Langholtsvegi að stíg við Sæbraut var bætt.
- Settar voru upp körfuboltakörfur við Dreka­vog í tilraunaskyni.
- Búið var til mannlífstorg með hönnunarsmiðju við Skeiðarvog og Gnoðarvog.
- Lýsing á horni Skeiðarvogs og Sólheima var bætt.
- Lýsing á stíg við Holtaveg – við fjölskyldu- og húsdýragarðinn – var bætt.
- Göngu- og hjólaleið yfir Suðurlandsbraut við Langholtsveg var bætt.
- Gerðar voru endurbætur á leiksvæði milli Barðavogs og Langholtsveg­ar.
- Þá var bekkjum fjölgað í hverfinu.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir – sem þið völduð í kosningunni – var um 36 milljónir króna.

Á þessu ári ætlum við aftur að kalla eftir hugmyndum ykkar vegna nýrra verkefna og kjósa á milli þeirra. Eins og ég sagði áðan setjum við sömu upphæð í verkefnið – 300 milljónir.

Sumum finnst 300 milljónir ekki miklir peningar í þessu samhengi en eftir því sem ég best veit er upphæðin sem við setjum í verkefnið sú hæsta sem kosið er um í sambærilegum kosningum í heiminum – og er þá miðað við höfðatölu.

Það komu hingað borgarfulltrúar frá New York um daginn og þeir eru með svipað verkefni í deigluinni.

Þeir sögðu okkur að í New York fengi fólk bara að ráðstafa brotabroti af þessari upphæð í kosningum.

Að lokum.

Ég trúi því að beint lýðræði sé framtíðin og nýafstaðin íbúakosning var svo sannarlega stórt skref í þá átt.

Með því að kjósa um forgangsöröðun fjármuna getið þið haft áhrif á nærumhverfi ykkar og þjónustu borgarinnar.

Ég hvet ykkur öll til að koma með góðar og gagnlegar hugmyndir.

Látið rödd ykkar heyrast og setjið inn allar þær hugmyndir sem ykkur dettur í hug. Það er gríðarlega mikilvægt að þið takið þátt í þessu verkefni – sýnið ábyrgð og frumkvæði í ykkar hverfi.

Þið þekkið hverfið ykkar. Þið vitið þetta allt saman og þið getið látið okkur vita.

Við viljum líka tryggja að hugmyndirnar ykkar verði framkvæmdar eins og þið sáuð þær fyrir ykkur.

Þess vegna viljum við bæta samráðið varðandi framkvæmdina á þeim.

Þá er líka mikilvægt að dýrari hugmyndir fái að fljóta með í kosningunum – þannig að í staðinn fyrir að kjósa mörg smá verkefni getið þið einnig kosið um færri og dýrari verkefni.

Þó auðvitað innan þeirra marka sem hverfapotturinn setur. En þá ætla ég ekki að hafa þetta lengra.

Ég þakka ykkur kærlega fyrir að mæta á þennan fund og sýna það í verki að ykkur er umhugað um hverfið ykkar.

Takk fyrir.